



Ferðamálastofa

Almyrkvi
Júní 2026

Efnisyfirlit



Bls.

- 3 **Framkvæmdalýsing**
- 4 Sp. 1 Hvaða staðhæfing lýsir best áformum þínum um að fylgjast með almyrkvanum 12. ágúst 2026?
- 7 Sp. 2 Á hvaða svæði ætlar þú að fylgjast með almyrkvanum?
- 8 Sp. 3 Á hvaða svæði er líklegast að þú fylgist með almyrkvanum?
- 11 Sp. 4 Ætlar þú að gista á svæðinu þar sem að þú munt fylgjast með almyrkvanum?
- 14 **Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna**
- 15 **Vigtun**

Framkvæmdalýsing



Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Ferðamálastofa
Markmið	Að kanna áform um ferðalög tengd almyrkvanum 12. ágúst 2026
Framkvæmdatími	18. - 30. júní 2026
Aðferð	Netkönnun
Úrtak	2296 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup
Verknúmer	4038846

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak	2296
Svara ekki	1494
Fjöldi svarenda	802
Þátttökuhlutfall	34,9%

Reykjavík, 1. júlí 2026

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Jóna Karen Sverrisdóttir
Sigríður Herdís Bjarkadóttir

Sp. 1. Hvaða staðhæfing lýsir best áformum þínum um að fylgjast með almyrkvanum 12. ágúst 2026?



	Fjöldi	%	+/-
Ég ætla að fylgjast með almyrkvanum frá heimili mínu eða næsta nágrenni	331	43,3	3,5
Ég ætla að ferðast til að fylgjast með almyrkvanum	48	6,2	1,7
Ég hef áhuga á að fylgjast með almyrkvanum en hef ekki ákveðið hvort eða hvaðan ég muni fylgjast með honum	249	32,6	3,3
Ég ætla ekki að fylgjast með almyrkvanum	113	14,8	2,5
Ég verð ekki á Íslandi þegar almyrkvinn verður	24	3,1	1,2
Fjöldi svara	765	100,0	
Tóku afstöðu	765	95,3	
Tóku ekki afstöðu	37	4,7	
Fjöldi svarenda	802	100,0	




Sp. 1. Hvaða staðhæfing lýsir best áformum þínum um að fylgjast með almyrkvanum 12. ágúst 2026?



Greiningar

Fjöldi




- Ég ætla að fylgjast með almyrkvanum frá heimili mínu eða næsta nágrenni
- Ég ætla að ferðast til að fylgjast með almyrkvanum
- Ég hef áhuga á að fylgjast með almyrkvanum en hef ekki ákveðið hvort eða hvaðan ég muni fylgjast með honum
- Ég ætla ekki að fylgjast með almyrkvanum
- Ég verð ekki á Íslandi þegar almyrkvinn verður

Sp. 1. Hvaða staðhæfing lýsir best áformum þínum um að fylgjast með almyrkvanum 12. ágúst 2026?



Greiningar

Fjöldi



- Ég ætla að fylgjast með almyrkvanum frá heimili mínu eða næsta nágrenni
- Ég ætla að ferðast til að fylgjast með almyrkvanum
- Ég hef áhuga á að fylgjast með almyrkvanum en hef ekki ákveðið hvort eða hvaðan ég muni fylgjast með honum
- Ég ætla ekki að fylgjast með almyrkvanum
- Ég verð ekki á Íslandi þegar almyrkvinn verður



Sp. 2. Á hvaða svæði ætlar þú að fylgjast með almyrkvanum?



	Fjöldi	%	+/-
Vestfirðum	15	31,0	13,1
Vesturlandi	14	30,4	13,0
Höfuðborgarsvæðinu	9	19,4	11,2
Reykjanesi	4	9,2	8,2
Ég hef ekki ákveðið enn	0	0,7	2,3
Ég læt veðrið ráða för	4	9,4	8,3
Fjöldi svara	48	100,0	
Tóku afstöðu	48	100,0	
Tók ekki afstöðu	0	0,0	
Fjöldi aðspurðra	48	100,0	
Spurð	48	5,9	
Ekki spurð	754	94,1	
Fjöldi svarenda	802	100,0	

Þau sem sögðust ætla að ferðast til að fylgjast með almyrkvanum (sp. 1) voru spurð þessarar spurningar.

Í þessari spurningu eru svarendur fáir og því eru greiningar ekki sýndar.




Sp. 3. Á hvaða svæði er líklegast að þú fylgist með almyrkvanum?



	Fjöldi	%	+/-
Frá heimili mínu eða næsta nágrenni	136	56,8	6,3
Annars staðar	10	4,0	2,5
Ég hef ekki ákveðið enn	74	31,2	5,9
Ég læt veðrið ráða för	19	8,1	3,5
Fjöldi svara	239	100,0	
Tóku afstöðu	239	95,8	
Tóku ekki afstöðu	10	4,2	
Fjöldi aðspurðra	249	100,0	
Spurð	249	31,1	
Ekki spurð	553	68,9	
Fjöldi svarenda	802	100,0	


Þau sem höfðu áhuga á að fylgjast með almyrkvanum en ekki ákveðið hvort eða hvaðan (sp. 1) voru spurð þessarar spurningar.



Það sem var nefnt í „Annars staðar“:


- Akrafjalli.
- Akureyri.
- Reykjanesi (nefnt af 3).
- Reykjavík.
- Snæfellsnesi (nefnt af 2).
- Suðurlandi.
- Vestfjörðum (nefnt af 2).
- Úlfarsfelli.

Sp. 3. Á hvaða svæði er líklegast að þú fylgist með almyrkvanum?



■ Frá heimili mínu eða næsta nágrenni
 ■ Ég hef ekki ákveðið enn
 ■ Annars staðar/Læt veðrið ráða för


Sp. 3. Á hvaða svæði er líklegast að þú fylgist með almyrkvanum?



Sp. 4. Ætlar þú að gista á svæðinu þar sem að þú munt fylgjast með almyrkvanum?



	Fjöldi	%	+/-
Já, ég ætla að gista á heimili vina/ættingja	24	21,9	7,8
Já, ég ætla að gista á tjaldstæði	10	9,3	5,5
Já, ég ætla að gista í eigin sumarhúsi eða sumarhúsi vina og ættingja	7	6,6	4,7
Já, ég ætla að gista á hóteli/gistiheimili eða sambærilegri gistingu	4	3,4	3,4
Já, ég ætla að gista í Airbnb	0	0,4	1,2
Já, ég ætla að gista en í annars konar gistingu	7	6,5	4,6
Nei, ég ætla ekki að gista á svæðinu	56	51,8	9,4
Fjöldi svara	109	100,0	
Tóku afstöðu	109	71,9	
Tóku ekki afstöðu	42	28,1	
Fjöldi aðspurðra	151	100,0	
Spurð	151	18,8	
Ekki spurð	651	81,2	
Fjöldi svarenda	802	100,0	




Þau sem ætla að ferðast til að fylgjast með almyrkvanum (sp. 1), vera annars staðar en í næsta nágrenni heimilis, ætla að láta veðrið ráða för eða hafa ekki ákveðið enn (sp. 3) voru spurð þessarar spurningar.

Sp. 4. Ætlar þú að gista á svæðinu þar sem að þú munt fylgjast með almyrkvanum?



Greiningar

Fjöldi



■ Já


■ Nei

Sp. 4. Ætlar þú að gista á svæðinu þar sem að þú munt fylgjast með almyrkvanum?



Greiningar

Fjöldi





Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?


	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	527	45,0	2,8
Frekar ánægð(ur) (4)	494	42,2	2,8
Hvorki né (3)	106	9,0	1,6
Frekar óánægð(ur) (2)	30	2,5	0,9
Mjög óánægð(ur) (1)	15	1,3	0,6
Ánægð(ur)	1.021	87,2	1,9
Hvorki né	106	9,0	1,6
Óánægð(ur)	44	3,8	1,1
Fjöldi svara	1.171	100,0	
Tóku afstöðu	1.171	67,6	
Tóku ekki afstöðu	560	32,4	
Fjöldi aðspurðra	1.731	100,0	
Spurð	1.731	50,4	
Ekki spurð	1.704	49,6	
Fjöldi svarenda	3.435	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,3		
Vikmörk ±	2,8		

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að 45% þátttakenda eru mjög ánægð með það sem spurt var um og ríflega 42% frekar ánægð. Ef teknir eru saman þau sem segjast frekar og mjög ánægð má sjá að í heildina eru rúmlega 87% ánægð með málefnið. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 32,4%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög ánægð(ur) (fj. x 5) + frekar ánægð(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar óánægð(ur)(fj. x 2) + mjög óánægð(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggja innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 42,2% til 47,8% (45,0% +/- 2,8%) verið mjög ánægð með málefnið. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum.



* **Marktækur munur á meðaltölum**

■ Mjög ánægð(ur) ■ Frekar ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)

Greiningar og marktekt

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir ofan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 40% karla eru mjög ánægðir með málefnið á móti 49% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjórnumerktur, eins og í tilfalli kynja spurningarinnar í greiningunni hér fyrir ofan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgráar til áherslu. Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir ofan má sjá að einstaklingar eldri en 60 ára eru ánægðari með málefnið en þeir sem yngri eru og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldri eigi sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar). Lengst til hægri á myndinni hér fyrir ofan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal einstaklinga á aldrinum 30-39 ára hefur lækkað um 0,2 stig frá síðustu mælingu (er nú 4,3 og var síðast 4,5). Stjórnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að einstaklingar á aldrinum 30-39 ára séu nú að jafnaði síður ánægðari með málefnið en þeir voru í síðustu mælingu.

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll og meðaltöl miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið á samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðnitölum.

Hlutfall svarenda fyrir vigtun:

Kyn:

Karlar	52,1%
Konur	47,9%

Aldur:

18-29 ára	6,7%
30-39 ára	9,7%
40-49 ára	13,6%
50-59 ára	18,2%
60-69 ára	22,8%
70 ára eða eldri	28,9%

Búseta:

Höfuðborgarsvæðið	66,3%
Landsbyggðin	33,7%

Hlutfall svarenda eftir vigtun:

Kyn:

Karlar	50,1%
Konur	49,9%

Aldur:

18-29 ára	20,0%
30-39 ára	16,4%
40-49 ára	15,3%
50-59 ára	15,5%
60-69 ára	15,5%
70 ára eða eldri	17,2%

Búseta:

Höfuðborgarsvæðið	64,0%
Landsbyggðin	36,0%